

116 stjórnarinnar beint til landshöfðingja, án þess að bera mál sitt fyrst undir bæjarstjórnina, þá verður kæra hans ekki tekin til greina, jafnvel þó gallar virðist vera á undirbúningi kosningar þeirrar, sem hjer er um að ræða.

117 Ágrip af brjefi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til kirkjubyggingar. — Með brjefi þessu var prestinum að Lundi í Borgarfjarðar prófastsdæmi veitt leyfi til að taka 500 kr. lán handa Lunda prestakalli til kirkjubyggingar á Lundi með þeim kjörum, að lánið verði auk vaxta endurborgað á næstu 10 árum frá lántökunni með  $\frac{1}{10}$  árlega.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir 1888 og 1889.

13. gr. B. V. b. 1.

Barnaskólanum á Seyðisfirði veittar 150 kr. fyrir árið 1888.

Stjórnartíðindin (deildirnar A, B og C) má panta á skrifstofu landshöfðingja og öllum póststöðvum á landinu. Verð þeirra er 1 kr. árgangurinn, er verður að greiðast fyrirfram um leið og tíðindin eru pöntuð. Eldri árgangar Stjórnartíðindanna, þeir sem enn eru til, kosta heptir 1 kr. 90 a. hver, nema árgangurinn 1874, er kostar 95 aura, og árgangurinn 1886 og 1887, er kostar hver 1 kr. 25 a.

Stjórnartíðindin eru send öllum kauplaust með póstum. Sje eitthvað áfátt við sendinguna, ber viðtakanda, ef hann vill mega búast við leiðrjettingu á því, að skýra þeim, er hann pantar tíðindin hjá, frá vöntuninni með næsta pósti eða fyrstu ferð, sem fellur, eptir að sendingin kom.

Embættismönnum, hreppstjórum, hreppsnefndaroddivitum og póstafrgreiðslumönnum skylt að halda þeim Stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptir á af nýju, á eigin kostnað.